



## Reglur um launalaus leyfi

### 1.gr.

Heimilt er að veita starfsmönnum Fjarðabyggðar launalaus leyfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Sviðsstjórar og forstöðumenn stofnana hafa heimild til að veita launalaust leyfi til allt að tólf mánaða. Framlenging á beiðni um launalaust leyfi og leyfi til lengri tíma en tólf mánaða, þarf að sækja um til bæjarstjóra. Launalaust leyfi er einungis veitt ef til þess liggja ríkar ástæður.

- a) Sérstakar fjölskylduástæður.
- b) Nám sem starfsmanni býðst eða verkefni sem nýtist í starfi.
- c) Starf í þágu stéttarfélags.
- d) Ef starfsmanni stendur til boða að ráða sig í starf sem augljóslega kemur viðkomandi til góða í starfi sínu hjá Fjarðabyggð að leyfi loknu.
- e) Leyfi til skemmri tíma í kjölfar fæðingarorlofs.
- f) Foreldraorlof (lögbundinn réttur til töku ólaunaðs orlofs í allt að fjóra mánuði fram að átta ára aldri barns, sjá nánar VII. kafla laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof).
- g) Aðrar ástæður sem forstöðumaður metur gagnlegar fyrir viðkomandi stofnun.

### 2.gr.

Umsókn um launalaust leyfi til lengri tíma en þriggja mánaða skal berast að minnsta kosti fjórum mánuðum áður en áætlað leyfi á að hefjast. Umsókn um launalaust leyfi til styttri tíma (tólf vikur eða skemur) skal berast að minnsta kosti sex vikum áður en áætlað leyfi á að hefjast.

Til að geta sótt um launalaust leyfi til lengri tíma en þriggja mánaða þarf starfsmaður að hafa unnið í að minnsta kosti fimm ár hjá Fjarðabyggð. Til að geta sótt um launalaust leyfi til skemmri tíma en þriggja mánaða þarf starfsmaður að hafa unnið hjá sveitarfélaginu í eitt ár.

Launalaus leyfi til skemmri tíma en tólf vikna eru veitt á tveggja ára fresti en leyfi til 3ja mánaða eða lengri tíma á fjögurra ára fresti. Undanskilin eru leyfi vegna foreldraorlofs.

Í undantekningartilvikum er hægt að sækja um framlengingu á tólf mánaða leyfi til bæjarstjóra sem tekur ákvörðun um hvort framlenging skuli heimiluð.

Framlenging á launalaus leyfi til tólf mánaða eða lengur skal einungis veitt ef ákvæði 1.gr. a, b, c eða d liða, eiga við.

Launalaust leyfi er aðeins veitt ef starfsmaður hyggst ráða sig í annað starf sem tengist starfi viðkomandi hjá Fjarðabyggð og ef talið er að það nýtist viðkomandi í starfsþróun.



**3.gr.**

Umsókn um launalaust leyfi skal afhent yfirmanni á þar til gerðu eyðublaði og studd viðeigandi gögnum. Stjórnanda ber að afgreiða leyfisumsókn innan eins mánaðar frá því hún er lögð fram. Leyfisumsókn sem og staðfesting hennar er vistuð í mannauðskerfi sveitarfélagsins.

Í launalausum leyfi falla niður samningsbundin réttindi samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Reglur þessar rýra ekki áunninn eða umsaminn rétt starfsmanna sem þeir eiga á grundvelli kjarasamninga.

Starfsmaður sem telur synjun um launalaust leyfi ekki vera í samræmi við reglur þessar eða telur á annan hátt rétt á sér brotinn getur skotið máli sínu til afgreiðslu bæjarráðs.

Ef afleysingarstarfsmaður er ráðinn í stað þess sem fer í leyfi fær viðkomandi tímabundna ráðningu sem lýkur án uppsagnar við lok ráðningartímabils.

**4.gr.**

Ef starfsmaður hyggst láta af störfum eftir launalaust leyfi þarf hann að senda inn skriflega uppsögn að minnsta kosti þremur mánuðum áður en leyfinu lýkur.

Fjarðabyggð, 19. júlí 2018



Gunnar Jónsson  
bæjaritari

Samþykkt í bæjarráði 12. september 2016.

Samþykkt í bæjarstjórn 15. september 2016.

Samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar 16. júlí 2018, í kjölfar sameiningar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar.